FRAMHALDSSKÓLINN
Í AUSTUR-SKAFTAFELLSSÝSLU

Áfangalýsing FAS

Titill	Íslenska með áherslu á tjáningu, framkomu og málskilning
Námsgrein:	íslenska
Viðfangsefni:	málskilningur, tjáning
Skammstöfun:	ÍSLE1TM04
Þrep:	1
Einingafjöldi:	4
Lýsing:	Megin áhersla verður á að viðhalda og byggja ofan á þann grunn sem nemendur búa nú þegar að. Markmiðið er að efla tjáningu og auka sjálfstraust nemenda. Nemendur fá þjálfun í að koma fram, tjá sig á mismunandi hátt og rökstyðja mál sitt. Áhersla er lögð á þjálfun í lestri, ritun, tjáningu og málnotkun á fjölbreyttan hátt. Farið verður í fjölbreytt viðfangsefni, s.s. umræður, framsagnarverkefni, hugtakaverkefni og fjölbreytt verkefni sem stuðla að því að styrkja sjálfstraust nemenda.
Forkröfur:	Engar
Þekkingarviðmið:	Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á: • Samskiptaleið sem hentar viðkomandi • Mikilvægi þess að láta skoðanir sínar í ljós og hlusta á sjónarmið annarra • Mikilvægi tjáningar, líkamstjáningar og raddbeitingar • Mismunandi tjáskiptaleiðir • Mikilvægi þess að styrkja málnotkun sína
Leikniviðmið:	Nemandi skal hafa öðlast leikni í að: • Tjá sig fyrir framan nemendahópinn • Virða skoðanir annarra • Taka þátt í umræðum og tjá eigin skoðanir • Leggja mat á eigin verkefni og/eða frammistöðu • Nýta sér upplýsingar á stafrænum miðlum • Tjá sig með fjölbreyttum leiðum • Vinna með texta sem hann hefur lesið og/eða hlustað á • Nýta sér leiðréttingarforrit og ýmiss hjálpargögn til verkefnavinnu, s.s. talgervla og tjáskiptaforrit
Hæfniviðmið:	Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að: • Vera meðvitaður um styrkleika sína • Að spyrja spurninga og hlusta á sjónarmið annarra af víðsýni • Bera virðingu fyrir skoðunum annarra • Bíða eftir að röðin komi að sér

	• Nýta hjálpargögn sem henta • Auka sjálfstraust sitt og trú á eigin málfærni í tjáningu og/eða ritun • Lesa í umhverfi, samskipti, tilfinningar og reglur í þeim tilgangi að átta sig á hvað er viðeigandi hverju sinni
Námsmat	Námsmat er útfært í kennsluáætlun í samræmi við skólanámskrá.